

Snipping Tool – Windows 10

<http://www.digitalcitizen.life/how-use-snipping-tool>



Tekið saman af Jóhönnu Geirsdóttur

Að taka skjáskot á MAC:


Shift+Command og 3 til að velja allan skjáinn og Shift+Command og 4 til að velja svæði

Hvað er Snipping Tool? Snipping Tool er klippiforrit sem fylgir endurgjaldslaust með Windows. **Hægt er að klippa hluta af skjá eða jafnvel taka mynd af öllum skjánum. Síðan er hægt að líma myndina.**

Snipping Tool er hentugt verkfæri til að vinna með ef klippa þarf afmarkað svæði, t.d. hluta af mynd, skjali eða skjá og skeyta inn í annað skjal.

Til að sækja **Snipping Tool** er smellt á **Search Windows** og skrifað **Snipping Tool**

Táknið fyrir **Snipping Tool** birtist ofarlega.



Hvernig virkar Snipping Tool?




Hafið skjalið eða skjáinn opinn sem á að klippa úr.

Síðan er smellt á **New** til að taka skjámynd.

Þegar það er virkt verður skjalið/skjárin mattur.

Valið er það svæði sem á að klippa út.

Skýringar á táknum í Snipping Tool




New Nýtt

Free-form Snip Teikna hring utan um efnið með músinni

Rectangular Snip Teikna kassa utan um efnið með músinni


Windows Snip - Taka mynd af glugganum

Full-screen Snip - Taka mynd af skjánum




Delay Seinkun

Hægt er að stilla tímann sem líður þar til hægt er að taka skjámynd eftir að smellt hefur verið á **New**



Cancel

Hætta við aðgerð



Option

Hide instruction text Fela skipanir

Always copy snips to the Clipboard Vista alltaf á klemmuspjald

Include URL below snips (HTML only) Láta vefslóð fylgja mynd

Prompt to save snips before exiting Birta aðvörðun um hvort vista eigi myndina áður ef farið er úr forritinu

Show Screen overlay when Snipping Tool is active Sýna skjáýfirlögn

Eftir að búið er að velja kemur upp skjár með ýmsum möguleikum til að vinna með myndina.

Nýtt Seinkun Vista Afrita Senda með tölvupósti



Penni Áherslupenni Strokleður

Síðan er hægt að velja t.d. hvar eigi að vista hana og á hvaða formi (png, gif, jpg eða html).

Einnig er hægt að senda myndina sem viðhengi í tölvupósti.